

**BORGARRÁÐ 28. september 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um styttingu vinnuvikunnar – MSS23090177**

Árið 2021 var ákveðið að fara í styttingu vinnuvikunnar. 1. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig aðgerðin stytting vinnuvikunnar gekk hjá Reykjavíkurborg og hvort útfærslu sé ólokið á einhverri stofnun? 2. Aðgerðinni var fagnað en óttast var að með breytingunni þegar um er að ræða vaktavinnu, myndi að óbreyttu verða til stórt mönnunargat. Aðgerðin var flókin enda þurfti ekki aðeins að breyta vaktaplaninu heldur einnig forritum sem halda utan um launamál. Vinnutímastyttingin sjálf var einfaldari. Hvernig hefur gengið að stoppa í það gat nú þegar um tvö ár eru liðin frá aðgerðinni? 3. Skilaboð með aðgerðinni, stytting vinnuviku hjá dagvinnufólki, var að hún mætti ekki kosta. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað aðgerðin kostaði þegar upp var staðið, hjá dagvinnufólki annars vegar og hjá vaktavinnufólki hins vegar?